



Verkefnahópur um uppbyggingu á Skíðasvæðunum

fundaði þriðjudaginn 6. júlí 2021 kl. 11:00 á skrifstofu SSH, Hamraborg 9.

Mætt: Páll Björgvin framkvæmdastjóri SSH, Ásthildur Helgadóttir sviðsstjóri hjá Kópavogsbæ, Ómar Einarsson ÍTR, Björg Fenger fulltrúi úr Samstarfsnefnd Skíðasvæðanna, Magnús Árnason forstöðumaður Skíðasvæðanna var í símasambandi við fundinn..

Rósa Steingrímsdóttir sviðsstjóri fjármálasviðs Hafnarfjarðarbæjar boðaði forföll.

Gestir: Einar Kristján Stefánsson verkefnastjóri, VSÓ, og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem ritaði fundargerð.

Páll Björgvin Guðmundsson setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð síðasta fundar sem fór fram hinn 23. júní sl. lögð fram til samþykktar.

Niðurstaða fundar:
Samþykkt samhljóða.

2. Framkvæmdir vegna skíðalyfta, Drottning og Gosi.

a) Samningar við Dobbelmayr skíðalyftur ehf. og næstu skref

Verkefnastjóri fer yfir stöðu mála gagnvart Dobbelmayr skíðalyftum ehf. og væntanlegt ferli og framvindu verksins og tilhögun eftirlits en mikilvægt er að halda vel utan um öll samskipti við Dobbelmayr og aðra hagaðila í tengslum við fyrirkomulag og framgang verkefnisins. Kominn er á bindandi samningur við Dobbelmayr, á grundvelli tilboðs sem barst í samkeppnisútbóði nr. 14347, en eftir er að ganga frá samningi og verkábyrgð sem verður líklega gert á næstu dögum. Komið hefur fram fyrirspurn um hvort Doppelmayr Seilbahnen GmbH, gefi út verkábyrgð í stað Dobbelmayr skíðalyftna ehf. Fulltrúar verktaka munu koma á verkstað í lok júlí og þarf að meta hvort stefnt skuli að undirritun þá. Umræður.

Niðurstaða fundar:

Lögfræðingi SSH í samráði við borgarlögmann og innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar falið að skoða fyrirkomulag á aðild að samningnum og verkábyrgð.

b) Skýrslur og kostnaðaráætlun vegna samnings við Dobbelmayr

Mikilvægt er að greiðsluáætlun fyrir sveitarfélögin liggja fyrir sem fyrst. Þá verði til staðar skýrsla sem lýsi fjárhagslegri stöðu verkefnisins og framgangi þess.

Niðurstaða fundar:

Framkvæmdastjóri SSH sendir verkefnastjóra sýnishorn af formi sambærilegra skýrsla sem gerðar voru vegna undirbúnings Borgarlínuverkefnisins hjá SSH. Verkefnastjóri hafi samráð við fjármálastjóra ÍTR um tilhögun þessa og eftir atvikum SSH.

3. Leyfismál

Huga þarf vel, eins og áður, að leyfismálum vegna framkvæmda á Skíðasvæðunum, bæði vegna skíðalyftna og eins vegna uppbyggingar á aðstöðu vegna gönguskiðaiðkunar.

Niðurstaða fundar:

Forstöðumanni Skíðasvæðanna falið að fara yfir leyfisveitingar er varða uppbyggingu aðstöðuhúss og verkefnastjóra er varðar skíðalyftuframkvæmdir.

3. Uppbygging aðstöðuhúss í Bláfjöllum

Staða mála, framhald umræðu frá fundum 15. júní 2021 og 23. júní 2021. Forstöðumaður Skíðasvæðanna kynnir ferli þessa máls, og hvaða leyfi þurfi að vera til staðar svo framkvæmdir geti hafist, sótt hefur verið um leyfi hjá forsætisráðuneyti og beðið er svara vegna þess. Ferill verkfræðistofa vinnur nú að undirbúningi þessa, þ.m.t. útboðsgagna. Þá er gert ráð fyrir að verðfyrirspurn verði gerð vegna lagna og jarðvinnu, hins vegar verði farið í útboð vegna hússins sjálfs og sökklá þess.

Niðurstaða fundar:

Forstöðumanni Skíðasvæðanna í samstarfi við verkefnastjóra falið að vinna áfram að málinu og gögn verði send verkefnahópnum eftir því sem þau liggja fyrir.

4. RFI vegna notaðrar skíðalyftu í Skálafelli

Verkefnastjóri kynnir drög að RFI, markaðsrannsókn, vegna notaðrar skíðalyftu í Skálafelli.

Niðurstaða fundar:

Samþykkt að halda áfram með þetta ferli og senda RIF út í samráði við innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar.

5. Önnur mál

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:10.